

Nd.

714. Nefndarálit

[209. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 80 15. ágúst 1966, um kisilgúrverksmiðju við Mývatn.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað þetta mál og fengið um það margvíslegar upplýsingar hjá fulltrúum Kísiliðjunnar, bæði á sérstökum fundi og eins á sameiginlegum fundi með iðnaðarnefnd efri deildar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaður meiri hl. fagnar því, að tekizt hefur að vinna bug á tæknilegum erfiðleikum verksmiðjunnar, svo og því, að komið hefur í ljós, að framleiðsla verksmiðjunnar er gæðavara, sem hefur meiri markaðsmöguleika en rétt þótti að reikna með. Á því byggjast þeir möguleikar, sem nú eru fyrir hendi um stækkun verksmiðjunnar.

Allar líkur benda nú til þess, að fyrirtækið framleiði eftir stækkunina arðbæra útflutningsframleiðslu, er nemi 240 millj. kr., og verði efnahagslífi þjóðarinnar veruleg lyftistöng, auk þess sem byggingarframkvæmdir skapa nú töluverða atvinnu.

Meiri hl. n. leggur eindregið til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Minni hl. mun skila séráliti. Tveir nefndarmanna, þeir Jónas Jónsson og Pétur Sigurðsson, voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. maí 1969.

Sigurður Ingimundarson,
form., frsm.

Pálmi Jónsson,
fundaskr.

Matthías Á. Mathiesen.